

Fundargerð

20. fundur svæðisráðs um strandsvæðisskipulag á Vestfjörðum
11. janúar 2024 klukkan 14.00 í gegnum Teams fjarfundarbúnað

Mætt:

Magnús Jóhannesson (MJ), formaður svæðisráðs stýrði fundi.

Aðrir fulltrúar svæðisráðs: Aðalsteinn Óskarsson (AÓ), Friðfinnur Skaftason (FS), Guðfinna M. Hreiðarsdóttir (GMH), Hafdís Sturlaugsdóttir (HS), Hjalti Jón Guðmundsson (HJG) og Lilja Magnúsdóttir (LM).

Frá Skipulagsstofnun: Ester Anna Ármannsdóttir (EAÁ), og Guðrún Jensdóttir (GJ) sem ritaði fundargerð.

Erla Sigríður Gestsdóttir (ESG) boðaði forföll.

MJ setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Kynning á drögum að umsögn Skipulagsstofnunar vegna fyrirspurnar Umhverfisstofnunar um samræmi tillögu að starfsleyfis Arctic Sea Farm við Strandsvæðisskipulag Vestfjarða 2022

EAÁ kynnti svæðisráði ofangreinda umsögn en Skipulagsstofnun barst fyrirspurn frá Umhverfisstofnun þann 9. júní 2023 þar sem óskað var umsagnar stofnunarinnar um samræmi tillögu að breytingu á starfsleyfi Arctic Sea Farm til eldis á 8.000 tonnum á laxfiskum í Ísafjarðardjúpi við Strandsvæðisskipulag Vestfjarða 2022.

Skipulagsstofnun gerði áður Umhverfisstofnun grein fyrir þeim skilmálum skipulagsins sem eiga við um leyfissvæðið í bréfi dags. 19. september 2023. Skipulagsstofnun ákvað þá að afla sér frekari upplýsinga um veiðislóðir á svæðinu vegna hugsanlegs ósamræmis við Strandsvæðisskipulag Vestfjarða.

Á síðari stigum kom í ljós að hnit eldissvæða við Arnarnes og Kirkjusund sem auglýst voru í tillögu að breytingu á starfsleyfi Arctic Sea Farm, og fyrri umsögn Skipulagsstofnunar byggði á, voru ekki rétt. Matvælastofnun sendi Skipulagsstofnun ný hnit 10. janúar 2024.

EAÁ kynnti svæðisráði drög að nýrri umsögn sem taka mið af hinu réttu hnitum. Að teknu tilliti til þeirra er niðurstaða umsagnar Skipulagsstofnunar sú að tillaga að starfsleyfi Arctic Sea Farm sé í samræmi við Strandsvæðisskipulag Vestfjarða. Sú umsögn var ekki hluti af þeim fundargögnum sem send voru svæðisráðinu fyrir fundinn.

Svæðisráðið gerir ekki athugasemdir eða tillögu að breytingu vegna umsagnar Skipulagsstofnunar.

2. Staða mála vegna áhættumats siglinga

EAÁ kynnti svæðisráði það að Vegagerðin hafi lokið vinnu við áhættumat siglinga í Ísafjarðardjúpi. Nú séu það ráðgjafastofur sem hafa tekið við vinnunni fyrir hönd framkvæmdaraðila.

Einnig sé yfirstandandi vinna í gangi um hvernig ferli við samþykkt breytinga á vitageirum verði háttað, sem Vegagerðin, Samgöngustofu og Landhelgisgæslan standa að baki. Þessu tengt er ein fyrirbyggjandi umsókn um breytingar á vita í Arnarfirði sem er til skoðunar hjá Vegagerðinni.

3. Önnur mál

Frumvarp um breytingar á lögum um skipulag haf- og strandsvæða
Rætt um stöðu á frumvarpi til breytingar á lögnum.

Ákveðið var að fundargerð yrði send fulltrúum í tölvupósti til samþykktar.

Fleira var ekki rætt. Fundi var slitið kl. 14:45.